

Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis
Gautur Sturluson
nefndarritari
Alþingi
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 19. nóvember 2008
2008110005/42-1-1
TB
jgó/tb

Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 116/2006

Vísað er til bréfs frá sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd, dags. 13. nóvember sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða, 114. mál. Frumvarpið fjallar um heimild til flutnings aflamarks í botnfiski frá einu fiskveiðiári til þess næsta og jafnframt verði heimilt að veiða 5 % umfram aflamark í humri á einu fiskveiðiári sem dregst frá heimildum næsta árs.

Náttúrufræðistofnun Íslands gerir ekki athugasemd við frumvarpið hvað varðar stjórn fiskveiða. Rétt er þó að benda á að lögin virðast ekki taka fullt tillit til vistfræðilegra þátta, hvað varðar flutning aflamarks milli ára, þó stofn geti gefið meira af sér þegar veiðum úr honum er frestað. Lögin heimila að flytja ákveðið hlutfall veiðmagns milli ára án þess að „öruggt“ sé að fiskistofnar og umhverfislegar aðstæður bjóði upp á það á komandi veiðiári. Sú staða getur komið upp að veiðistofnar hrynji milli ára, sbr. rækjustofninn, en þá er búið að binda aflamarkið í lög.

Virðingarfyllst

Jón Gunnar Ottósson
forstjóri

Trausti Baldursson

